snúningur ljóskrónunnar fari fram á rjettum tíma, fullvissa sig um að vitinn logi nægilega skært, að loptsúgurinn í vitanum sje í góðu lagi, að ljóskróna og ljóskersrúður sjeu vel fægðar og gljáandi, og að nægur forði sje fyrir hendi af öllum neyzluefnum, gæta að því, að öllum munum vitanna og húsakynnum utan og innan sje haldið sómasamlega við, og ber hann ábyrgð á því, ef vitarnir skyldu eigi koma að fullum notum eða eitthvað í ólagi fara sökum ónógs eptirlits frá hans hálfu.

9. gr.

Að lokinni skoðunargjörð skal hann rita í dagbók vitans, hvenær skoðunargjörðin hafi fram farið, og hafi eitthvað verið athugavert við vitana, þá skal hann geta þess í dagbókinni, og það svo, að sjá megi, hvort það, sem vitanum eða áhöldum hans kann að vera ábótavant, stafi af hirðuleysi vitavarðar eða af öðrum orsökum; ritar síðan nafn sitt undir athugasemdir þessar.

10. gr.

Gjöri einhver vitavörður sig sekan í hirðuleysi og slæmri meðferð á vitafærum, svo að vitinn hljóti tjón af, þá skal gæzlustjóri senda skýrslu um það til landshöfðingja og tillögur sínar um það, hvort víkja skuli vitaverði frá eða ekki; svo skal hann og láta uppi álit sitt um það, hver settur skuli vitavörður, ef vitavarðarstaða losnar, eða hverjir vitaverðir skuli fluttir frá einum vita til annars, þar sem er vandasamara starf og hærri laun.

11. gr.

Þegar um einhver störf er að ræða við vitana, annaðhvort smíðar eða annað, sem nokkurri verulegri peningaupphæð nemur, þá skal gæzlustjóri auglýsa verkið fyrir fram og fá tilboð þeirra manna, sem taka vilja verkið að sjer, og velur hann þá það tilboð, sem hann álítur bezt.

Reykjavík 6. janúar 1898.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Hannesar prestaskólakennara Arnasonar árið 1897.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1897 B. 3. bls.):			
	a. Innritunarskírteini Ltra A. fol. 103 . . .	kr.	34000 00	
	b. Lán gegn fasteignarveði	—	11975 00	
	c. Ógoldnir vextir	—	4 00	
	d. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum .	—	754 94	kr. 46733 94

6	2. Arsvextir:				
	a. Af innritunarskírteini til $^{11}/_{6}$ og $^{11}/_{12}$ '97 .	kr.	1190 00		
	b. Af lánum gegn fasteignarveði til $^{11}/_{6}$ '97 .	—	453 23		
	c. Af fje í landsbankanum til $^{31}/_{12}$ '97 . . .	—	45 41	kr.	1688 64
			Samtals	kr.	48422 58

Utgjöld:

1.	Líffje Sigríðar Arnadóttur systur gefandans			kr.	400,00
2.	Sjóður við árslok:				
	a. Innritunarskírteini Ltra A. fol. 103 . . .	kr.	34,000,00		
	b. Lán gegn fasteignarveði	—	11,916,67		
	c. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum . .	—	2,105,91	—	48,022,58
			Samtals	kr.	48,422,58

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Reykjavík, 6. janúar 1898.

Magnús Stephensen.

Umsóknir

um styrk þann, er í fjárlögunum fyrir 1898, 13. gr. B. 34, er ætlaður tveim mönnum til að fara á landbúnaðarsýninguna í Björgvin að sumri, verða að vera komnar til landshöfðingja innan loka aprílmánaðar næstkomanda.

Embættisskipan og sýslana o. fl.

11. janúar var *settur hjeraðslæknir læknaskólakandidat Jón Jónsson* allramildilegast skipaður *hjeraðslæknir í 13. læknishjeraði Íslands.*

24. s. m. var *settur prófastur presturinn síra Kjartan Helgason* að Hvammi skipaður af biskupi *reglulegur prófastur í Dalaprófastsdæmi.*